



Reykjavík, 6. maí 2020  
SFS2020050107  
184. fundur  
HG/dr/geb/áb

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga um að taka upp Lesmál Menntamálastofnunar og leggja af notkun á Læsi - 2. hefti lestrarskimunar í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur***

Lagt er til að skóla- og frístundasvið taki upp *Lesmál* til þess að fylgjast með hversu margir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og hversu stór hluti nemenda þurfi hugsanlega á sérstökum stuðningi að halda við lestrarnámið. Um leið verði hætt að nota Læsi, lesskimun í 2. bekk sem skimun á læsi og lesskilningi barna í 2. bekk

**Greinargerð:**

Undanfarin ár hefur sú umræða komið ítrekað upp að hætt verði að nota Læsi, lesskimun í 2. bekk sem skimun á læsi og lesskilningi barna í öðrum bekk, til að meta hversu stór hluti nemenda geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og hversu stór hluti nemenda þurfi á sérstökum stuðningi að halda við lestrarnámið. Stjórnendur og kennarar hafa kallað eftir því að breyting verði á þar sem prófið er talið úrelt og flestir grunnskólar borgarinnar notist við lesskimun Menntamálastofnunar sem heitir *Lesmál* fyrir sama árgang. Vegna þessarar gagnrýni var ákveðið hjá Miðju máls og læsis að skoða umræddar lesskimanir ítarlega með það í huga að athuga hvort *Læsi, lestrarskimun í 2. bekk* henti í dag til að kanna hversu stór hluti nemenda geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og hversu stór hluti þarf líklega á sérstöðum stuðningi að halda. Og einnig hvort *Lesmál* geti komið í stað Læsis 2. Maren Ósk Elíasdóttir, meistaranemi í sálfræðideild Háskóla Íslands og starfsnemi hjá Miðju máls og læsis haustið 2019, vann umrædda úttekt og fylgir skýrsla hennar hér með sem fylgiskjal.

Reglan hefur verið að 2. hefti Læsis, lestrarskimunar í 2. bekk sé lagt fyrir alla nemendur í 2. bekk í grunnskólum borgarinnar í apríl ár hvert og því þarf að taka ákvörðun um framhaldið sem fyrst ef hætta á við árlega fyrirlögn prófsins vorið 2020.

Norska prófið, *Kartlegging av leseferdighet*, kom út árið 1995 í Noregi og var gefið út af *Natsjonalt læremiddelsenter* í Oslo (Námsgagnastofnun, 2000a). Skimunarprófið er þekkt í íslenskum grunnskólum í dag sem LÆSI 2 lestrarskimun. Prófin fóru í notkun árið 2000 í einhverjum grunnskólum á Íslandi og var dreifing þess í höndum Námsgagnastofnunar. Reykjavíkurborg er enn að nota LÆSI, 2. hefti fyrir 2. bekk í upprunalegri útgáfu sem kom út árið 2000 til þess að skima fyrir lestrarerfiðleikum og kanna hversu stór hluti nemenda í 2. bekk þurfi á sérstökum stuðningi að halda. Norska útgáfan, *Kartlegging av leseferdighet*, sem kom út árið 1995 hefur ekki verið í notkun í áratugi í Noregi. Norðmenn uppfæra prófin sín á fimm ára fresti og hefur því þeirra útgáfa af LÆSI verið uppfærð a.m.k. fjórum sinnum frá árinu 1995.

Frá því að prófið var fyrst gefið út á Íslandi eru liðin um 20 ár en frá uppruna þess eru 24 ár. Það þarf að hafa í huga að ýmislegt hefur breyst í umhverfi nemenda á þessum árum. Meðal annars breytingar á aðalnámskrá, en sú breyting ein og sér getur haft áhrif á næmni prófa sem jafnvel hefur verið vel staðið að próffræðilega á sínum tíma (Catts, 2017). Með tilliti til norma þá þarf að endurskoða innihald prófa með reglulegu millibili. Því það sem þótti viðeigandi og jafnvel hluti af almennum bakgrunnsupplýsingum um nemendur gæti verið algjörlega óviðeigandi í nútíma prófi. Teikningar í prófinu Læsi, lestrarskimun í 2. bekk eru orðnar gamaldags og úreltar og líkur á að þær höfði ekki til barna í 2. bekk árið 2020. Það þarf að gæta þess að allt innihald prófsins og form eigi erindi við nemendur og endurspegli íslensk norm sem best, óháð því hvar börnin búa og við hvernig aðstæður (Einar Guðmundsson, 1999).

*Lesmál* er próf sem kom út árið 2017 og metur lestur og réttitun hjá nemendum í 2. bekk. Prófið var fyrst hannað af Rósu Eggertsdóttur árið 2006 en sú útgáfa reyndist hins vegar ekki vera nægilega góð. Rósa fékk því Sigurgrím Skúlason, próffræðing hjá Menntamálastofnun, með sér í lið og saman unnu þau að endurgerð prófsins. *Lesmál* var gott betur en bara endurgert heldur fór það líka í gegnum ítarlegar forprófanir og að lokum stöðlun (Sigurgrímur Skúlason, 2017). Ætla má að prófið verði reglulega uppfært þar sem það er hluti af þeim skimunartækjum sem Menntamálastofnun býður upp á.

Markmiðið með *Lesmáli* er ekki einungis að meta stöðu nemenda í lestri heldur er prófið einnig þægilegt og aðgengilegt fyrir kennara. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um stöðu nemenda í lestri og greinir í hverju vandi nemenda liggur. Prófið metur fjóra þætti lesturs eins og umskráningu og lesskilning ásamt því að meta færni í réttitun og leshraða (lesfimi). Prófið skiptist í átta hluta sem meta:

1. Umskráningu
2. Lestur og lesskilning
3. Lestur og viðbragðssvörun
4. Lestur og lesskilning
5. Hraðlestur og lesskilning
6. Hlustun og réttitun
7. Hlustun og réttitun
8. Orðabil

Vorið 2019 var LÆSI seinast lagt fyrir 2. bekkinga í grunnskólum Reykjavíkur og voru niðurstöður þær að 61% af hópnum taldist geta lesið sér til gagns og hefur sá hópur oftast verið stærri í lesskimuninni. Frá því skimunin var fyrst lögð fyrir árið 2002 hefur stærð þessa hóps verið á bilinu 60-71% og er meðaltalið rúm 65%. Aðeins einu sinni hefur stærð hópsins náð 70% eða yfir. Um 19% töldust líklega þurfa á sérstökum stuðningi að halda í lestri og er sá hópur jafn stór meðalstærð samskonar hópa í gegnum allar mælingarnar 18. Stjórnendur skólanna fengu sendar til sín niðurstöður skimunarinnar 2019 og eins og ávallt þess vænst að hver skóli skoði sína stöðu og nemenda sinna og gera áætlun um lestrarnám og byrjendakennslu í lestri sem miðar að betri árangri einstakra nemenda og þar með hópsins í heild.

Umsögn úttektaðila:

Ljóst er að LÆSI 2. hefti fyrir 2. bekk er löngu úrelt próf. Umræður um gæði þess eru ekki nýjar undir sólinni. Kennarar vilja hætta að nota prófið og telja það ekki gagnast sér. Guðmundur Björn Kristmundsson einn af þýðendum prófsins segir jafnframt að prófið sé í dag nýtt í allt öðrum tilgangi en því var ætlað í upphafi. Prófið hefði ekki átt að verða stöðumatstæki eða nýtt til þess að bera saman árganga og skóla (Guðmundur B. Kristmundsson, munnleg heimild, 28. nóvember 2019).

Eins og hefur komið fram er prófið fyrir langt löngu komið úr umferð í Noregi. Bara það eitt, hve gamalt prófið er, er forsenda fyrir endurmati á prófinu. Þá vegur þungt að prófið er ætlað börnum sem eru árinu eldri en íslensku börnin, prófið er ekki laust við norsk norm og stöðlun var aldrei gerð.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg skoði það að taka upp *Lesmál* til þess að fylgjast með hversu margir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og hversu stór hluti nemenda þurfi hugsanlega á sérstökum stuðningi að halda við lestrarnámið ef þörf þykir. Það er íslenskt próf sem hefur verið staðlað á íslenskum nemendum. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um stöðu nemenda í lestri sem þeir geta svo hagnýtt við kennslu. Ekki er talið heppilegur kostur að leggjast í þýðingu á nýjasta norska *Kartleggingsprøve* þar sem það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt, ásamt því að prófið er að fara í endurnýjun í Noregi.